

Nd.

## 510. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

### 1. gr.

»Kaupmenn« tákna í lögum þessum þá menn, seu reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við fé-lög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sin.

### 2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttakið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða inn lögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð látið skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

### 3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto-Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskifta-atvinnu reka.

### 4. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlun

arbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzlu eftir því sem þett hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sérstaka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu eignum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvist alt að tveimur árum.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð (sbr. 2.gr.) og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álita skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sin innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunargildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit

notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júní 1787 II. kapítuli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.